



Fundargerð

1431. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
24. ágúst 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Mannauðsstefna Reykjaneshæjar 2023 (2023040237)

Kristinn Óskarsson, mannauðsstjóri mætti á fundinn. Lögð fram drög að mannauðsstefnu Reykjaneshæjar þar sem tekið hefur verið tillit til ábendinga og umsagna nefnda og ráða.

Bæjarráð samþykkir framlögð drög. Mannauðsstefnu Reykjaneshæjar vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn 5. september 2023.

2. Fjárhagsáætlun 2024 (2023080020)

Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað með tillögu að ramma fjárheimilda 2024.

3. Mannauðsmál á velferðarsviði (2023080369)

Lagt fram minnisblað þar sem óskað er eftir heimild til að ráða í eitt stöðugildi félagsráðgjafa í ráðgjafar- og virkniteymi velferðarsviðs.

Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar 2024.

4. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Jerzy Bogdan Jaholkowski, Hafnargata 76 (2023060302)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II – C minna gistiheimili. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

5. Umsögn um tækifærisleyfi - Fagriblakur frá Keflavík ehf. (2023080375)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Umsögn um tækifærisleyfi - Ísflíx ehf. (2023080401)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Ekki hefur verið veitt umsögn um málið. Bæjarráð hafnar erindinu.

7. Tækifærisleyfi - Kristján Pétur Ásmundsson f.h. Fjölbrautaskóla Suðurnesja (2023080405)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

8. Umsagnarmál í samráðsgátt (2023030286)

a. Hvítbók um húsnæðismál

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3511#advices](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3511#advices)

b. Drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3523](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3523)

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20